



## ADALFUNDUR HOLLVINA GRENSÁSDEILDAR 2024

Haldin á Grensásdeild 4.mars 2024 kl 16.30 -18.00

### Viðstödd:

Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Hjörtur Gunnarsson, Jóhanna Jóhannesdóttir, Páll Svavarsson, Sigrún Garðarsdóttir, Sigrún Knútsdóttir, Stefán Hans Stephensen, Svava Magnúsdóttir, Valdimar Guðnason, Þór Jakobsson, Þórunn Þórhallsdóttir

Guðrún Pétursdóttir formaður stjórnar setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

### 1. Kosning fundarstjóra og ritara fundarins.

Fundarstjóri var kosinn Páll Svavarsson og fundarritari Svava Magnúsdóttir

### 2. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti ársskýrslu stjórnar fyrir árið 2023. Árið 2023 var heldur betur viðburðarríkt hjá Hollvinum. Árið var undirlagt í undirbúning fyrir hina ýmsu viðburði sem Hollvinir stóðu fyrir í tilefni 50 ára afmælis Grensásdeildar. Má þar nefna afmælisveislu 26.apríl, áheitasöfnun í Reykjavíkummaraponi Íslandsbanka í ágúst, langbráð fyrsta skóflustunga fyrir nýrri viðbyggingu Grensásdeildar 5.október 2023, og söfnunar-og skemmtipáttinn *Gefum byr undir báða vængi* á RÚV föstudaginn 6.október 2023, sem bar frábæran árangur. Á afmælisárinu söfnuðust 178 milljónir. Í ársskýrslu HG er gerð grein fyrir meginviðburðum ársins.

### 3. Kynning ársreikninga 2023

Valdimar Guðnason gjaldkeri kynnti reikninga ársins 2023. Samkvæmt rekstraryfirlit námu tekjur ársins að frádregnum gjöldum kr. 160.183.315. Gjafir til Grensásdeildar námu kr. 1.457.239.- og eigið fé í árslok nam kr. 298.606.093.- Nánar má lesa um fjármál HG í ársskýrslu.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður, spurningar og svör. Síðan voru ársskýrsla og reikningar borin upp sitt í hvoru lagi til samþykktar eða synjunar og voru bæði samþykkt einróma.

#### **4. Árgjald**

Ákveðið var að árgjald HG fyrir árið 2024 yrði áfram óbreytt, kr 2000.-

#### **5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga:**

Samkvæmt lagabreytingu á síðasta aðalfundi voru kosnir til tveggja ára þrír aðalmenn. Það voru þær Guðrún Pétursdóttir, Ósk Sigurðardóttir og Svava Magnúsdóttir. Varamaður til tveggja ára var kosin Bryndís Björk Kristjánsdóttir.

Einnig voru kosnir tveir aðalmenn til eins árs, þau Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir og Valdimar Guðnason. Þórunn Þórhallsdóttir var kosin varamaður til eins árs.

Úr stjórn víkja varamennirnir Otto Schopka og Baldvin Jónsson. Þeir voru fjarstaddir, en formaður mun koma til þeirra þökkum fyrir þeirra góðu verk.

Hjónin Jóhanna Jóhannesdóttir og Þór Jakobsson hafa verið skoðunarmenn reikninga HG frá stofnun samtakanna árið 2006. Nú óskuðu þau eftir að mega láta gott heita. Stjórnin þakkaði þeim tryggð og vel unnin störf og færði þeim blómvönd sem þakklætisvott..

Nýir skoðunarmenn voru kosin þau Sigurður Birgir Arnþórsson löggiltur endurskoðandi og kona hans Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir.

#### **6. Önnur mál.**

Sigrún Knútsdóttir fyrrum yfirsjúkraþjálfari og Sigrún Garðarsdóttir yfiriðjuþjálfari þökkuðu og hrósuðu HG fyrir gott samstarf, endalæsa elju og baráttuvilja fyrir Grensás, Þór Jakobsson tók í sama streng.

Hjörtur Gunnarsson og Stefán Hans Stephensen kvöddu sér hljóðs, en þeir hafa báðir verið skjólstæðingar Grensáss og eru í hópi Hollvina. Þeir lýstu báðir yfir þakklæti til deildarinnar og ánægju með störf Hollvinanna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl 18.00.

Svava Magnúsdóttir ritaði fundargerð.